



## Fræðslunefnd FUNDUR – 26. febrúar 2009

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduósbæjar fimmtudaginn 26. febrúar 2009 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Varaforseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fund og stjórnaði kosningu. Að því loknu tók nýkjörin formaður nefndarinnar við fundarstjórn og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

1. Kosningar
2. Bréf starfsmanna Leikskólans vegna uppsagnar á yfirvinnu vegna starfsmannafunda. Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri, mætir á fundinn.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2009 vegna Grunnskólans. Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri, mætir á fundinn
4. Önnur mál

### Afgreiðslur:

1. Fram kom tillaga um Auðunn S. Sigurðsson sem formann og var hún samþykkt. Fram kom tillaga um Árný Þóru Árnadóttir sem varaformann og var það samþykkt samhljóða. Fram kom tillaga um Jakobínu Halldórsdóttur sem ritara og var það samþykkt.
2. Tekið var fyrir bréf frá starfsmönnum leikskóla vegna uppsagna yfirvinnu vegna starfsmannafunda. Samþykkt var eftirfarandi tillaga:

„Leikskólanum verði lokað sumarið 2009 í 4 vikur en það verði endurskoðað við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010. Fræðslunefnd styður tillögu starfsmanna um einn starfsdag í viðbót sem tekinn yrði í tengslum við starfsdag grunnskólans.“

Hér viku af fundi fulltrúar leikskóla og fulltrúar grunnskóla mættu til fundarins. Einnig vék af fundi Árný Þ. Árnadóttir og í hennar stað kom varamaður hennar Erla Ísafold Sigurðardóttir.

3. Þórhalla fór yfir endurskoðun á fjárhagsáætlun 2009 vegna Grunnskólans. Kynnti sparnaðartillögur fyrir starfsemi grunnskólans. Útlit er fyrir að það verði enginn sundkennsla veturinn 2009-2010. Fram kom í máli Þórhöllu að síðastliðin þrjú ár hefur sundkennsla verið meiri í Grunnskólanum á Blönduósi en aðalnámskrá segir til um og gert er ráð fyrir að aukin áhersla verði einnig lögð á sund eftir að nýja sundlaugin verður tekin í notkun. Ekki munu nemendur fá minni hreyfingu næsta vetur þó að sundlaugin verði lokað því séð verður til þess að nemendur fái jafn margar hreyfistundir og verið hefur.
4. Önnur mál



- Formaður kynnti fyrir nefndinni að fyrsti fundur í samráðsnefnd sveitarfélaganna Húnavatnshrepps og Blönduós bæjar um fræðslumál verður 5. mars n.k.

Fundargerð upplesinn og samþykkt.

*Fundi slitið kl. 19:45*

*Auðunn S. Sigurðsson  
Héðinn Sigurðsson  
Heiðrún Bjarkadóttir  
Erla Ísafold Sigurðardóttir*

*Jakobína Halldórsdóttir*

*Pórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri  
Lilja Jóhanna Árnadóttir, fulltrúi kennara grunnskóla  
Oddný María Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskóla  
Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri  
Harpa Hermannsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans  
Rannveig Bjarnadóttir, fulltrúi foreldra leikskólans*